

AUGLÝSING

um umferð á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Seltjarnarness hefur verið ákveðið að leyfilegur hámarkshraði á Seltjarnarnesi verði sem hér segir:

1. Á Norðurströnd og Suðurströnd, að Nesbala, verði hámarkshraði 60 km/klst.
2. Á Lindarbraut, Nesvegi og vegi í Suðurnes, frá Nesbala, verði hámarkshraði 50 km/klst.
3. Á öðrum götum bæjarins verði hámarkshraði 30 km/klst.

Ofangreind ákvörðun tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. mars 2002.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Að bönnuð verði umferð vörubifreiða, vöruflutningabifreiða og vinnuvéla á Skólabraut, á vegarkafla Kirkjubrautar neðan Merkigerðis, á vegarkafla Vesturgötu milli Bakka-túns og Merkigerðis og á vegarkafla Suðurgötu milli Akratorgs og Hafnarbrautar.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 14. mars 2002.

Ólafur P. Hauksson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Laufskála, íbúðahúsalóðir, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 20. desember 2001 samþykkt deiliskipulag Laufskála, íbúðahúsalóða, Hellu, Rangárvallahreppi.

Deiliskipulagið tekur til lóða númer 9-15 og 12-18 við Laufskála. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 19. mars 2002.

F.h. hreppsnefndar,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.